

lán úr hinum íslenska lækna sjóði, þannig, að af greiddar verði af láni þessu, að viðbættum 844 kr. 72 a., sem eptir eru af láni, er áður hefir veitt verið kirkjunni úr sama sjóði, 140 kr. um árið í vöxtu og afborgun, og muni með því móti verða búið að endurborga það árið 1889. **101**
12. sept.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn leyfir, að hið umbeðna lán verði veitt Kálfatjarnarkirkju úr viðlagasjóðnum, með þeim kjörum, er þjer hafði til tekið, og þannig, að gefið verði út nýtt skuldabrief til *viðlagasjóðsins* fyrir þessu láni, ásamt því, sem áður hefir veitt verið kirkjunni úr hinum íslenska lækna sjóði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðlag á læknislyfjum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 12. júní þ. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem lyfsalinn í Reykjavík, Randrup konsúll, beiðist leyfis til þess að hækka verðlag lyfja þeirra, er vínandi er í, um 5%, sökum þess, að á vínanda hefir verið lagt aðflutningsgjald með tilskipun frá 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og lögum frá 11. febr. þ. á. um breytingu á tjeðri tilskipun, og í annan stað álit landlæknisins á Íslandi um þetta mál, þar sem hann leggur á móti þessari verðhækkun, með því að verðlag það, sem nú stendur, þyki of hátt, en mælir aptur á móti með því, að lyfsölumönnum á Íslandi verði leyft að flytja inn nokkuð af vínanda afgangslausum. Hafði þjer í áminnstu brjefi tekið fram, að sanngirnir mæli með því, að lyfsölumönnum verði veitt nokkur uppbót í þessu skyni, en með því að þjer teljið vafasamt, hvort ástæða sje til að reyna að útvega lagafyrirmæli þau, er með þarf til tollfrelsis þess, er hjer er farið fram á, leggið þjer það til, að verðlagið verði hækkað. **102**
22. sept.

Út af þessu er þess að geta, að skrifazt hefir verið á við hið konunglega heilbrigðisráð um málið, og skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að ekki sje nægileg ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um tollfrelsi það, sem landlæknir hefir stungið upp á, en þykir isjárvert að láta hækka verðlag það, sem nú er á læknislyfjum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af brennivíni.* **103**
— Útaf beiðni þeirri, sem send hefir verið hingað með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. júlí þ. á., þar sem Siemsen konsúll í Reykjavík fer þess á leit, að reikna megi tollinn á nokkru af brennivíni, er komið hafi til hans og reynzt með 8 $\frac{1}{8}$ ° styrkleika, er það var mælt, 20 aura af hverjum potti, í stað 30 aura, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að beiðni þessi verður ekki veitt. **103**
12. sept.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af brennivíni* **104**
og tóbaki. — Með þóknananlegu brjefi frá 15. júlí þ. á. hafði þjer, herra lands- **104**
26. sept.

1) Brennivínið hafði komið frá Hamborg og styrkleika þess ekki verið getið á tollskrá skipsins. Hafði beiðandi látið í veðri vaka, að mælirinn, er hlutaðeigandi lögreglustjóri hefði haft, væri ef til vildi ekki nákvæmur; en í álitinu sínu um málið fullyrðir lögreglustjóri, að mælirinn hafi verið alveg rjettur; að minnsta kosti sje ekki unnt að villast á því, hvort lögurinn, sem mældur er, sje 8° eða 8 $\frac{1}{8}$ ° að styrkleika.